

## **Viðauki við skólasamning fyrir árin 2013-2015 milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Menntaskólans í Kópavogi**

- 1) Ný skólanámskrá – innleiðing
  - Stefnt er að því að ljúka vinnu við skólanámskrá 1. desember 2013 og að hefja kennslu skv. nýrri námskrá haustið 2014.
  - Innsetning áfangalýsinga og námsbrauta í námskrárgrunn verður lokið áður en kennsla skv. nýrri námskrá hefst haustið 2014.
  - Tilraunakennsla fer fram veturinn 2012-2013 á tveimur þverfaglegum áföngum í menningarlæsi og náttúrulæsi sem taka mið af grunnþáttunum.
  - Þá verður þróaður sérstakur lokaáfangi þar sem nemendur takast á við einstaklingsmiðað sérhæft lokaverkefni. Verkefnið verður tilraunkennt veturinn 2013-2014.
- 2) Brottfall
  - Skólinn stefnir að því að brottfall sé undir 10% á haustönn 2013.
  - Skólinn mun skrá brottfall í samræmi við sniðmát ráðuneytis frá haustönn 2012 og hefja skráningu á vorönn 2013.
- 3) Fjármál, rekstur
  - Markmið MK er að rekstur hans sé árlega innan fjárheimilda á samningstímanum og til vara að frávik verði ekki umfram 4%.
- 4) Upplýsingatækniver – menntatorg
  - Markmið MK er að bókasafni skólans verði breytt í upplýsingatækniver – menntatorg. Framkvæmdum verði lokið á árinu 2013.
- 5) Endurnýjun búnaðar, tækjakaup
  - Skólinn mun gera áætlun um endurnýjun búnaðar í verklegum stofum matvælagreina á vorönn 2013.
  - Hafist verði handa við breytingar eigi síðar en skólaárið 2014-2015.
  - Endurnýjun búnaðar í verklegum stofum verði lokið fyrir árið 2020.
- 6) Innritun
  - Stefnt er að því að 60-70% innritaðra nemenda í bóknám komi af upptökusvæði skólans frá hausti 2013.
- 7) Nemendur af erlendum uppruna
  - Skólinn stefnir að því að auka hlut nemenda af erlendum uppruna í MK. Skólinn mun gera áætlun um reglulegt samstarf við Skólaskrifstofu Kópavogs og grunnskóla í nærumhverfi á vorönn 2013.
- 8) Gæðakerfið
  - Skólinn mun fá úttekt á gæðakerfi ISO9001 tvisvar á ári frá viðurkenndum aðilum, á samningstímanum.

**Tímabundin verkefni :**

- 1) Framhaldsskólabraut  
Tilraunaverkefni með styrk frá ráðuneyti. Brautin mun verða hluti af nýrri námskrá við innleiðingu hennar haustið 2014.
- 2) Nám er vinnandi vegur  
Átak á vegum ráðuneytis og Vinnumálastofnunar um námsúrræði fyrir atvinnulaus ungmenni og ungt fólk án skólavistar. Til vors 2013.
- 3) Skjalasafn skólans, málalyklar, Þjóðskjalasafn.  
Verkefni innan MK við flokkun og skráningu skjalasafns skólans til samræmis við lög um skráningu og skil opinberra gagna. Lokið 2014.
- 4) Tilraunaverkefni með spjaldtölvur  
Verkefnið hófst á vorönn 2012 og byggir á því að nýta spjaldtölvur í kennslu og námi nemenda, einkum í raungreinum. Lýkur vorið 2014.